

Tillaga um skipan starfshóps um framtíðarstefnu Fjölskyldu- og húsdýragarðsins

Tillaga:

Menningar- og íþróttaráð leggur til að settur verði á fót starfshópur sem hafi það hlutverk að móta skýra framtíðarsýn og stefnu fyrir Fjölskyldu- og húsdýragarðinn til næstu ára en mikil þörf er á uppfærslu og endurbótum á starfsemi og aðstöðu í garðinum. Hlutverk starfshópsins verði að vinna greiningu á núverandi stöðu og framtíðartækifærum garðsins varðandi starfsemi, aðstöðu og þjónustu. Mótuð verði heildstæð stefna fyrir garðinn og lögð fram framkvæmdaáætlun með áherslu á sjálfbærni, aðgengi og fjölbreytta starfsemi. Lögð verður áhersla á samráð við starfsfólk, samstarfsaðila og almenning. Stefnt verði að því að starfshópurinn skili niðurstöðum sínum eigi síðar en 1. nóvember 2025.

Greinargerð:

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn í Laugardal gegnir mikilvægu hlutverki í formi útivistar, afþreyingar og fræðslu og þjónar fjölbreyttum hópi gesta, sérstaklega börnum og fjölskyldum.

Með þessari tillögu er lagt til að hafist verði handa við að móta heildstæða stefnu fyrir garðinn sem byggji á greiningu á núverandi stöðu og mati á framtíðartækifærum varðandi starfsemi, aðstöðu, þjónustu og upplifun gesta í garðinum. Settur verði á fót starfshópur sem taki að sér að leggja grunn að stefnumótuninni, leggja fram tillögur og sviðsmyndir og drög að framkvæmdaáætlun sem byggji á markmiðum um sjálfbærni, aðgengi og fjölbreytta notkun garðsins. Tryggt samráð við starfsfólk, samstarfsaðila og almenning.

Gert er ráð fyrir því að starfshópurinn skili skýrslu með niðurstöðum sínum til Menningar – og íþróttaráðs eigi síðar en 1. nóvember 2025. Í kjölfarið verði skipaður spretthópur kjörinna fulltrúa sem leggi mat á fyrirliggjandi tillögur og hugmyndir og leggi lokahönd á stefnumótun um Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.



Reykjavík, 12. sept. 2025

ERINDISBRÉF

Starfshópur um framtíðarstefnumótun Fjölskyldu- og húsdýragarðsins

Ábyrgðarmaður: Steinþór Einarsson sviðsstjóri

Inngangur:

Á fundi menningar- og íþróttaráðs 12. september 2025 var samþykkt tillaga um að settur verði á fót starfshópur um framtíðarstefnumótun Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins verði að vinna greiningu á núverandi stöðu og framtíðartækifærum garðsins varðandi starfsemi, aðstöðu og þjónustu. Mótuð verði heildstæð stefna fyrir garðinn og lögð fram framkvæmdaáætlun með áherslu á sjálfbærni, aðgengi og fjölbreytta starfsemi. Lögð verður áhersla á samráð við starfsfólk, samstarfsaðila og almenning.

Helstu verkefni

- Skila greiningu á núverandi stöðu og framtíðartækifærum.
- Leggja fram hugmyndir og tillögur um stefnu og framkvæmdaáætlun til 5–10 ára.

Starfshópin skipa:

Atli Steinn Árnason skrifstofustjóri Útílfélagarinnar, formaður
Hafsteinn Hrafn Grétarsson deildarstjóri – miðstöð útivistar og náms
Sigrún Thorlacius deildarstjóri FHG
Þorkell Heiðarson deildarstjóri FHG (í leyfi)
Helena Gylfadóttir deildarstjóri Dýraþjónustu Reykjavíkur

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni tillögum fyrir 1. nóvember 2025.

Steinþór Einarsson



Reykjavík